



## Fréttatilkynning

---

Reykjavík, 17.11.2020

### Efni: Innköllun á Veislusalati vegna aðskotahlutar í salatinu.

Hollt og gott hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Veislusalat 100 g** vegna þess að í einum poka af salatinu fannst aðskotahlutur, hluti af fuglsvæng. Í varúðarskyni hefur fyrirtækið ákveðið að innkalla alla sendinguna, en salatinu eru pakkað á Ítalíu fyrir Hollt og gott.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna matvælin sem innköllunin einskorðast við:

|                              |  |
|------------------------------|--|
| <b>Vörumerki</b>             | Hollt og gott.   |
| <b>Vöruheiti</b>             | Veislusalat.   |
| <b>Strikamerki</b>           | 5690350037822.   |
| <b>Nettómagn</b>             | 100 g.   |
| <b>Best fyrir dagsetning</b> | 21.11.2020   |
| <b>Innflytjandi</b>          | Hollt og gott, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.   |
| <b>Dreifing</b>              | Krónan, Hagkaup, Melabúðin, Fjarðarkaup, Rangá, Seljakjör og Kaupfélag Skagfirðinga. |

**Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga, skila henni í verslunina þar sem hún var keypt, eða til Hollt og gott, gegn fullri endurgreiðslu.**

Nánari upplýsingar veitir Hollt og gott í síma 575-6050 eða í gegnum netfangið hg@hollt.is